

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Brynju Bragadóttur.

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Minningarsjóður Brynju Bragadóttur. Hann er stofnaður til minningar um Brynju Bragadóttur sem var fædd 20. mars 1972 og lést 25. júlí 2015. Sjóðurinn starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er í Reykjavík.

3. gr.

Markmið.

Markmið sjóðsins er að koma í veg fyrir einelti á vinnustöðum á Íslandi með því að:

Efla þekkingu á einelti á vinnustað.

Auka umræðu og vitund almennings um orsakir og áhrif eineltis á vinnustað.

Styðja við ýmis forvarnarverkefni á sviði eineltis á vinnustað.

Tilgangi sínum hyggst sjóðurinn ná fram með framlögum til einstaklinga og félaga, fjárlöfun, og með aðkomu að viðburðum.

4. gr.

Stofnandi.

Stofnandi sjóðsins er Ragnar Kristinsson, kt. 300573-5259.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.126.000 sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í stofnuninni.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skal við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnandi skal tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina. Stjórn sjóðsins fer með fjárvörsli.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Nr. 262

11. mars 2016

8. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilda endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsári. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

9. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

10. gr.

Breyting samþykktu, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo boríð skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

11. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 11. mars 2016,

Björn Hrafinkelsson.

Snjólaug Jónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 31. mars 2016